

Samtök orkusveitarfélaga

21. stjórnarfundur

Þriðjudaginn 25. ágúst 2015 kl. 13:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til símafundar.

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Jón Óskar Pétursson, Unnur Lára Bryde, Anna Lóa Ólafsdóttir, Árni Eiríksson og Stefán Bogi Sveinsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sem einnig ritaði fundargerð

Þetta var tekið fyrir:

1. Orkufundur 2015

Lögð fram fram drög að dagskrá fyrir orkufund sem haldinn verður 15. október nk. í Skútustaðahreppi. Orkufundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður.

Farið yfir drögin. Starfsmanni og formanni falið að halda áfram með undirbúning og senda erindi á ráðuneytið og óska eftir að það verði samstarfsaðili að ráðstefnunni og greiði hluta kostnaðar.

Í fjárhagsáætlun ársins 2015 voru 350.000 kr. settar í Orkufund en ljóst er að sú upphæð er ekki næg til að standa undir þeim fundi sem verið er að skipuleggja jafnvel þó svo að ráðstefnugjald verði innheimt.

Ef ráðuneytið vill ekki vera samstarfsaðili að ráðstefnunni samþykkir stjórn að ganga á eigið fé til að standa straum af kostnaði vegna ráðstefnunnar.

2. Fundur með innanríkisráðherra

Rætt um næstu skref samtakanna.

Starfsmanni falið að óska eftir fundi með innanríkisráðherra.

Fundi slitið kl. 13:40